

1874.

26. maí.

tilheyrandi fylgiskjöllum og uppdrætti, og höfum vjer lagt tæðum embættismönnum fyrir, að vísa erfiðismönnum *Klentz's* á byggingarstæði, og svo þegar til þess komi gæta þess, að þeir byggi húsin samkvæmt samningnum og skili þeim af sér í tilbærilegu standi.

27. maí.

40. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 26. þ. m. að veita stúdentum á prestaskólanum Jóni Halldórssyni og Steingrími Jónssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og þeir í águstm. þ. á. hafi tekið burtfararpróf við tæðan skóla, þótt þeir eigi þá sè 25 ára að aldri.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, skal því við bætt, að leyfisbræfin verða send með næstu póstskeipsferð.

27. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík.

Í bræfi, dagsettu 15. dag nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, leidd athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að dómkirkjan í Reykjavík sè mjög af sér gengin, og stungið uppá, að stjórnarráðið leiti álits reyndra manna um, hvernig hagfelldast væri að koma við aðgjörð á kirkjunni og hvort þá mætti stækka hana.

Eptir að stjórnarráðið hafði leitað álita timburmeistara *Klentz's* um þetta efni, hefir hann látið í ljósi, að hann geti eigi gjört nokkra uppástungu í þessu tilliti eða áætlun um kostnað.

inn, nema því að eins að kirkjan sjálf sè skoðuð, og hefir hann boðizt til að láta einhvern af erfðismönnum þeim, sem hann ætli að senda til Íslands á þessu ári til þess að byggja þar fangelsi samkvæmt samningi þeim, sem gjörður er við stjórnarráðið, fara til Reykjavíkur með póstgufuskipinu, sem sigli hëðan á morgun, til þess að skoða kirkjuna og láta uppi skoðunargjörð, er byggð sè á rannsókn þessari, en úr Reykjavík skyldi hann svo halda til Akureyrar eða Stykkishólms.

Með því stjórnarráðið hefir tekið við boði þessu, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að þeim, sem í hlut á, tafarlaust verði gefinn kostur á að skoða dómkirkjuna, svo skoðunargjörðinni að svo miklu leyti, sem unnt er, verði lokið áður en póstgufuskipið leggur aptur af stað frá Reykjavík í þessari ferð sinni.

1874.
27. maí.

42. Anglýsing fyrir Ísland um, frá hvaða tíma hin nýja reikningseining, eptir peningalögnum 23. maí 1873, skuli í gildi leidd.

6. júní.

Samkvæmt peningalögnum 23. maí 1873, 17. gr. hefir hans hátign konunginum þóknazt með allrahæstum úrskurði 20. f. m. allramildilegast að ákvarða, að hin nýja reikningseining, sem ákveðin er með tæðum lögum, ásamt skipting hennar skuli í gildi leidd frá 1. janúar 1875.

Þetta skal hërmeð gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 6. dag júním. 1874.

Fr. Krieger.

F. Vestergaard,
asst.